

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

25. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILÍÐ 2022-2026

Árið 2024, föstudaginn 13. september kl. 8:30, var haldinn 25. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Aníta Björk Pálínudóttir, Jónas Ólafur Skúlason, Kjartan Geir Karlsson og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum, að gættri fundarboðun, að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 25. fund sveitarstjórnar

Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að fá fund með Háafelli sem fyrst um samstarfsverkefni og áherslur.

2. Fundargerð 13. fundar fræðslu-, tómsundar-, menningar- og kynningarnefndar dags. 20. ágúst 2024

Sveitarstjórn skipar Sergey Kruzhanovskisem nefndarmann í fræðslunefnd sem fulltrúa í nefndina. Fundargerðin samþykkt.

3. Fundargerð 4. fundar atvinnu- og landbúnaðarnefndar dags. 2. ágúst 2024

Sveitarstjórn leggur til að farið verði yfir verklag við veiðar á ref og mink.

Engar athugasemdir – fundargerðin samþykkt.

4. Framkvæmdir við Langeyri – landfylling

Staða framkvæmda rædd og hönnun viðbótar skoðuð. Engar athugasemdir.

5. Erindi til kynningar/umsagnar

a. Samband íslenskra sveitarfélaga – tíðindi 29. Tbl.

b. Samband íslenskra sveitarfélaga – tíðindi 30. Tbl.

c. Samband íslenskra sveitarfélaga – tíðindi 31. Tbl.

d. Samband íslenskra sveitarfélaga – upplýsingar vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða

Sveitarstjórn leggur áherslu á að hafa allar máltíðir fríar sem tengjast Súðavíkurskóla.

Sveitarstjórn vekur athygli á að það varðar bæði máltíðir fyrir leik- og grunnskóla.

6. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024-2035 – tillga til kynningar 26. ágúst 2024

Umræða tekin undir skýrslu sveitarstjóra.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að svæðisáætlunin verði einfölduð og takmörkuð að umfangi.

7. Samgöngumál í Súðavíkurbær

Sveitarstjórn leggur áherslu á að innviðamál og samgöngumál verði rædd á 69. fjórðungsþingi í tengslum við Svæðisskipulag.

8. Fjárhagsauki – viðbætur við fjárhagsáætlun 2024 vegna framkvæmda:

a. Stækkun landfyllingar við Langeyri – 43.000.000.-

b. Malbikunarframkvæmdir – ýmsar – 20.000.000.-

Sveitarstjórn mun skoða framkvæmdir í samráði við endurskoðanda.

9. Almenningsgöngur – drög að samningi við OK Hvammstorg

Sveitarstjórn hefur skoðað drög að samningi og leggur til breytingar á verðgildi ferða sem felast í stuðningi við verkefnið og tilhögun aksturs.

10. Málefni verslunar í Súðavík – drög að rekstrarsamningi

Sveitarstjóri heldur áfram með samningagerð að teknu tilliti til athugasemda um tilhögun.

11. Samhæfð svæðisskipan – velferðarmál

a. Erindi frá Vestfjarðstofu dags 4. apríl 2024 í tengslum við BOFS og tengd málefni. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir tilhögun.

b. Súðavíkurbær samþykkir breytingar sem varða Samning um sérfræðiráðgjöf, vinnslu mála og stjórnun í almennri félagsþjónustu milli Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurbærs.

12. Fjárhagsáætlunarvinna 2025 – undirbúningur

Sveitarstjórn leggur til að fjárhagsáætlunarvinna fylgi fundaplani reglulegra funda þar sem fyrsti vinnufundur verði í október.

13. Kynning á tillögum að aðstöðu fyrir heita potta í Súðavík

Kynningarefni lagt fram og sveitarstjórn er sammála um að leggja málið fyrir skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd til frekari skoðunar og kynningar til íbúa.

14. Húsnæði á Langeyri – Bj. Sv. Kofri


Sveitarstjórn leggur til fund með Björgunarsveitinni Kofra um endurskoðun samnings vegna húsnæðis á Langeyri í sameiginlegu rými með Slökkviliði Súðavíkurbærs.

15. Líkamsræktaraðstaða – umræður

Sveitarstjórn ákveður að skoða hentuga uppbyggingu húsnæðis fyrir líkamsræktaraðstöðu við Súðavíkurskóla.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:15




Bragi Þór Thoroddsen



Kjartan Geir Karlsson



Aníta Björk Pálinudóttir



Jónas Ólafur Skúlason



Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti